



FUNDARGERÐ

- Yfirskrift / efni:** 10. fundur stjórnar KLÍ, 2013-2014
- Staðsetning:** Skrifstofu KLÍ
- Hvenær:** Þriðjudagur 20.03.2014 kl. 17:30
- Þátttakendur:** Heiðar Rafn Sverrisson (HRS)
Þórarinn Már Þorbjörnsson (ÞMP) formaður
Jón Grímsson (JG)
Karenina Kristín Chiodo (KKC) varamaður
Guðmundur J. Kristófersson (GJK) varamaður
- Boðuð forföll:** Linda Hrönn Magnúsdóttir (LHM)
Höskuldur Höskuldsson (HH)
- Fjarverandi:**
- Fundarritari:** HRS

Helstu mál: Fundargerð síðasta fundar, Reglugerðir KLÍ, Landsliðsmál, önnur mál.

Dagskrá fundarins:

1. Fundargerð síðasta fundar:

Engar athugasemdir hafa verið gerðar við síðustu fundargerð og er hún samþykkt.

2. Reglugerðir KLÍ:

Ræddar hugmyndir um reglugerðarbreytingar og hvort leggja þurfi fram breytingar fyrir næsta þing. ÞMP gerir tillögur um breytingar vegna aldursmarka í A mótum á vegum KLÍ og að opna þurfi fyrir yngsta flokk barna þannig að yngri en átta ára geti tekið þátt í barna- og unglíngamótum. GJK sagði að unglínganefnd væri að vinna í undirbúningi á breytingum á reglugerðum sem snúa að unglíngamótum og óskaði ÞMP eftir því að unglínganefnd skoðaði breytingar á yngsta flokki barna.

3. Ársþing KLÍ:

Ársþing KLÍ 2014 verður haldið 27. maí í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal og verður í höndum Keilufélags Reykjavíkur.

Kjósa þarf um formann í ár og einnig um einn aðalmann í stjórn til eins árs í stað Inga Geirs Sveinssonar sem gekk úr stjórn á tímabilinu.

Kjósa þarf um tvo menn í aðalstjórn til tveggja ára, en úr stjórn fara HH og HRS.

Kjósa þarf þrjá varamenn í stjórn til eins árs.

Jón Grímsson var kosinn til tveggja ára á síðasta þingi og situr því áfram í eitt ár.

4. Landsliðsmál:

ÞMP kynnti nýjan formann Landsliðsnefndar, Ásgrím Helga Einarsson og sagði frá ráðningu Arnars Sæbergssonar sem landsliðsþjálfara fyrir karlalandsliðið.

ÞMP sagði einnig frá vilja landsliðsnefndar að gerðir verði samningar við alla landsliðsþjálfara til tveggja ára. Stjórn KLÍ gerir ekki athugasemdir við ráðningu þeirra þjálfara sem búið er að ráða og samþykkir að gerðir verði samningar við þá til tveggja ára.

4. Önnur mál:

Fundargerðir:

HRS óskaði eftir því við ÞMP að fundargerðir verði birtar á heimasíðu KLÍ, þar sem HRS hefur ekki aðgang að því svæði á heimasíðunni og tók ÞMP það að sér.

Fundi slitið 19:00 – til næsta fundar verður boðað síðar.